

Okkar skóli – grunnskólar
yfirlit verkefna síðustu skólaára

Skóli	Verkefni
Álfhólsskóli	2024–2025 1. bekkur – Fótboltar til notkunar í útiveru 2. bekkur – Segulkubbar, segulkubbakúlubraut og segulkubbadýr 3. bekkur – Hreyfisvæði 4. bekkur – Hreyfisvæði Nemendur í 3. og 4. bekk nýttu fjármagn saman, með stuðningi skólans, til að setja upp sameiginlegt hreyfisvæði í Digranesi. 5. bekkur – Kósý stofa: grjónapúðar, bangsar, teppi og motta 6. bekkur – Borðleikir (box á borð) og stór bangsi 7. bekkur – Grjónapúðar 8. bekkur – Grjónapúðar í alrými 9. bekkur – Kósý teppi í allar stofur á unglingastigi 10. bekkur – Grjónapúðar Námsver miðstig – <i>Guess Who</i>, UNO, segulkubbar, bingó, jójó og púsl Námsver elsta stig – Nýir og þægilegir stólar Námsver yngsta stig – Kubbar 2025–2026 1. bekkur – Plúskubbasett á öll kennslusvæði 2. bekkur – Kósýsvæði með púðum 3. bekkur – LED-ljós í stofu og bangsar 4. bekkur – Dót á hreyfisvæði (jafnvægisslá) 5. bekkur – Hreyfisvæði 6. bekkur – Kósýhorn 7. bekkur – LED-ljós og LEGO 8. bekkur – Spike bolta sett 9. bekkur – Grjónapúðar 10. bekkur – Grjónapúðar
Barnaskóli Kársness	Er á fyrsta starfsári – skila inn á næsta ári
Hörðuvallaskóli	2023-2024 Klifurveggur 2024-2025 Dýnur fyrir klifurvegg, hringir til að hanga í, net til að hanga í og dýnur þar undir
Kársnesskóli	2024 Spil og útileikföng fyrir alla nemendur 2025 Elsta stig: kósý herbergi, sófar, mottur, púðar, lampar og spil Miðstig: Spil
Kópavogsskóli	2024

	Nemendur óskuðu eftir því að það yrði gert meira kósý í skólanum. Keyptir voru sófar og settir í stofur og opin rými. 2025 Fyrir 1. – 6. bekk voru keypt spil og leikföng til að styðja við STEM kennslu (þrautaspil o.fl.) Fyrir nemendur í 7. – 10. bekk voru keypt leiktæki í rými sem þau hafa aðgang að í frímínútum. 2026 hafa verið keyptar stórar klukkur til að sjá á í útiveru en þær eru ekki komnar í hús.
Kóraskóli	2024 jóladaatal fyrir nemendur þar sem þraut eða verkefni var leyst á hverjum virkum degi til jóla og nemendur fengu umbun fyrir 2025 Uppbrot fyrir alla árganga og nemendur kusu að fara á skauta í desember með kennurum sínum.
Lindaskóli	2024 Yngsta stig: Rassapotur og Poscapennar Miðstigs: Posca pennar, iPad pennar og spil. Unglingastig: Grjónapokar til að sitja í 2025 Yngsta stig: Boltar, spil, þrautir, púsl o.fl. Miðstig: Spil Unglingadeild: Alls konar spil
Salaskóli	2024 Mið- og yngsta stig – spil, boltar og útileikföng, lego og aðrir kubbar sem hægt er að nota í námi eða leik. Unglingastig – Húsgögn á gang á neðri hæð unglingastigs, hægt að vinna þar í hópavinnu en líka sitja í rólegheitum að læra í götum í stundatöflu eða spila og spjalla. 2025 Mið- og yngsta stig – spil, boltar og afþreyingarefni. Unglingastig – bættum „hangsrými“ unglinga; veggir málaðir, húsgögn, myndir á vegg, mottur, púðar.
Smáraskóli	2024 Fjármagn var lagt í að gera huggulegt og hlýlegt í kennslustofum, kósýhorn og leskrókar 2025 Áherslan var á afþreyingu í frímínútum; Boltar, rassapotur og smáleiktæki og spil o.fl. fyrir eldri nemendur
Snælandsskóli	2024 – 2025 keyptar voru sessur í stóla og dreift í stofur á mið- og unglingastigi þar sem margir nemendur óskuðu eftir „mýkri stólum“.

	Fyrir yngsta stig var keypt dót til að leika með í frímínútum. 2025 – 2026 Tillögur sem fengu flest atkvæði var ósk um að fá aftur kanilsykur á hafragrautinn (höfðum tekið sykurinn frá en buðum upp á kanil) og svo nýja skólabjöllu sem við keyptum. Önnur atkvæði dreifðust mikið milli tillagna en það sem þó fékk flest atkvæði var t.d. að kaupa fleiri bolta til að hafa úti, spil og að skreyta skólann. Við létum því hanna stór veggspil (tafl, myllu, slönguspil) sem verða fest á vegg í skólanum og hægt að spila þar. Einnig er verið að hanna og panta skreytingar (bókakili) sem verða límdir í tröppur sem liggja upp að bókasafninu hjá okkur. Búið er að kaupa efni og þessa vinnu sem þó er enn í vinnslu en á að vera komin upp fyrir lok skólaárs.
Vatnsendaskóli	2024 Yngsta stig: útibekkir framan og aftan við skóla ásamt útidóti Mið- og unglingastig: Sófar til að hafa á öllum göngum 2025 Yngsta og miðstig: Afþreying í frímínútum t.d. boltar, sippubönd, krítar, spil og annað dót. Unglingastig: ósk um meiri fjölbreytileika í morgunmat og hefur verið lögð áhersla á að bjóða upp á haframjólk, kanil, rúsínur og fræ flesta daga með hafragrautnum. Einnig höfum við boðið upp á eitthvað annað í morgunmat 1x í mánuði, t.d. ristað brauð, morgunkorn og súrmjólk. Einnig voru borðtennisspaðar, borðtennisboltar og spil valin og keypt.